



Grænfáninn

11. janúar 2010

Fimmti fundur skólaársins. Á fundinn voru þeir nemendur boðaðir sem sátu í nefndinni fram til áramóta sem og þeir sem eru að taka við núna. Mætt voru: Svanborg, Didda, Sif, Kata, Elmar, Karítas, Elís, Sigurður, Azra, Ármann, Óttar, Kjartan, Logi og Lilja Hrund, forföll í 7. GJS.

Við þökkuðum nemendum sem störfuðu með okkur fram að áramótum fyrir þeirra vinnu og buðum nýja nefndarmenn velkomna. Því næst fóru þeir nemendur sem voru að ljúka sínu starfi aftur í kennslustofur en við munum kalla þá til starfa ef mikið stendur til, nýjir nefndarmenn sátu áfram.

Því næst kynntum við í helstu atriðum starf vetrarins fyrir nemendum og mikilvægi þess að þau fylgi eftir reglum um flokkun sorps í þeirra stofum.

Hugmyndir um umhverfisdag ræddar á fundinum, nemendum lýst mjög vel á að efna til hans og komu þeir með ýmsar hugmyndir varðandi hann. Ákveðið var að leita til skólustjóra með þessa hugmynd og fá samþykki fyrir henni áður en lengra væri haldið.

Kata kynnti fyrir nemendum stöðu mála varðandi flokkunargáma / tunna og því að við séum að huga að því að breyta fyrirkomulagi á þeim þannig að vinna við þá sé viðunandi fyrir alla aðila og til frambúðar.

Fundi slitið og nemendur fóru til kennslu.

Fulltrúar starfsmanna ákváðu að kalla Heimi hjá Gámapjónustu Vesturlands, Snæfellsbæ til skrafs og ráðagerða varðandi gámana næstkomandi mánudag 18. jan kl. 13:30.

Fundi slitið 14:00
Svanborg